

112. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Hótel Klaustri 26/5 2016 kl: 11:00

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Sigurlaug Jónsdóttir, Einar Bárðarson, Rannveig Bjarnadóttir og Anna Gyða Gunnlaugsdóttir hjúkrunarforstjóri ásamt Matthildi Pálsdóttur verðandi hjúkrunarforstjóra. Elín Heiða Valsdóttir boðaði forföll. Sigurður Árnason mætti ekki til fundar. Sandra Brá Jóhannsdóttir mætti einnig til fundarins ásamt Elínu Pálsdóttur skrifstofustjóra Skaftárhrepps vegna yfirferðar á ársreikningi.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Yfirferð yfir Ársreikning Klausturhóla fyrir árið 2015. Sandra Brá sveitarstjóri fer yfir ársreikninginn með nefndarmönnum.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 er hagnaður af rekstri 11.050 þús kr en á árinu 2014 var hagnaður 5.053 þús kr. Vistgjöld námu 156,7 millj. kr á árinu 2015 en 145,6 á árinu 2014. Heildar tekjur á árinu 2015 voru 184,9 millj kr en á árinu 2014 172,2 millj kr. Rekstrargjöld fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld námu 174,8 millj kr árið 2015 en voru 167,6 millj kr árið 2014. Eigið fé heimilssins í árslok 2015 var neikvætt um 19,2 millj kr en var neikvætt um 33,2 millj. árið 2014.

Rekstarnefn samþykkir ársreikning ársins 2015 og vísar honum til sveitarstjórnar Skaftárhrepps til samþykktar.

Rekstarnefnd þakkar starfsmönnum og stjórnendum fyrir óeigingjarnt starf við rekstur Klausturhóla.

2. Farið yfir aðalbók fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2016 og er rekstur heimilissins á áætlun.

3. Önnur mál

-Anna Gyða upplýsir um arf sem heimilinu barst og greinir frá því að skiptastjóri hafi haft samband og upplýst um að skipti á dánarbúinu væri í ferli.

-Anna Gyða segir frá því að hún hafi haft samband við Rarik og Orkusöluna og náð fram lækkun á orkukostnaði á Klausturhólum.

- Kjartan spyr um hvort að umsóknir hafi borist um starf Hjúkrunarfræðings á Klausturhólum. Enginn hefur sótt formlega um starf hjúkrunarfræðings en nokkrir aðilar hafa sýnt starfinu áhuga.

-Kjartan spyr um framkvæmdir í kjallara. Vinna við framkvæmdir er hafin en gengur hægt að koma framkvæmdum áfram.

- Anna Gyða greinir frá fundi sem Anna Gyða, Sandra Brá og Matthildur sátu með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um nánara samstarf við Heilbrigðisstofnunina. Margir jákvæðir og gagnlegir punktar komu fram á þessum fundi og samþykkir rekstarnefnd að halda áfram viðræðum við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

- Matthildur Pálsdóttir nýr Hjúkrunarforstjóri Klausturhóla tekur til starfa 1. Júní og býður rekstarnefnd hana velkomna til starfa.

Rekstarnefnd þakkar Önnu Gyðu Gunnlaugsdóttur fyrir hennar störf í þágu Klausturhóla og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fleira ekki gert á fundi  
Fundu slitið kl 12:10.

---

Kjartan Magnússon

---

Elín Heiða Valsdóttir

---

Einar Bárðarson

---

Sigurlaug Jónsdóttir

---

Sigurður Árnason